



1.tbl    TÍMARIT    1.árg  
**LÖGRETTU**

Félags laganema við Háskólann í Reykjavík

VINNUSLYS,  
SLYSATRYGGING SJÓMANNA  
EFTIR Dr. Guðmund Sigurðsson

A

NÝMÆLI Í BARNALÖGGJÖF  
EFTIR Svölu Ísfeld Ölafsdóttur

B

BRÁÐABIRGÐALÖG SEM  
RÉTTARHEIMILD  
EFTIR Ólaf E. Friðriksson

C

RANNSÓKNARRÉTTARFAR Í  
EINKAMÁLUM?  
EFTIR Jón Steinar Gunnlaugsson

D

STJÓRNHÆTTIR FYRIRTÆKJA OG  
FYRSTU VIÐMIÐIN Á ÍSLANDI  
EFTIR Áslaugu Björgvinsdóttur

E

# RANNSÓKNARRÉTTARFAR Í EINKAMÁLUM?

*Um málsmeðferð í hæstaréttarmáli nr. 344/2002*

Jón Steinar Gunnlaugsson,  
prófessor við Háskólan í Reykjavík

D

79

11. mars 2004 gekk dómur í hæstarétti í máli nr. 344/2002: Íslenska ríkið gegn Söru Lind Eggertsdóttur. Sá sem þetta skrifar flutti þetta mál fyrir hönd stefndu. Við málsméðferðina fyrir hæstarétti var með svo alvarlegum hætti brotið gegn meginreglum réttarfarslagu að undrum særir. Er ástæða til að skyra málid nokkuð.

## 1. SAKAREFNI MÁLSINS Í MEGINATRIÐUM

Hér var um að ræða skaðabótamál, þar sem á því var byggt að við og strax eftir fæðingu Söru Lindar á Landspítalanum 5. mars 1998, hefði starfsmönnum spítalans orðið á mistök sem leitt hefðu til alvarlegs varanlegs heilsusakaða barnsins. Til einföldunar má segja að kröfur stefnanda hafi byggst á tvennu. Því var annars vegar haldið fram að mistök hefðu verið gerð strax á fæðingarstofunni með því að bregðast of seint við súrefnisskorti hjá barninu sem greinst hafi strax við komu móðurinnar á fæðingarstofuna. Hins vegar hafi barnalæknar gert mistök þegar þeir veittu barninu lækñishjálp strax eftir fæðinguna. Fólst sá málflutningur í því að æðaleggur, sem þræddur var í naflaslagæð barnsins, hefði sveigt með óeðlilegum hætti í U-beygju og verið skilinn þannig eftir í um 32 klukkustundir. Hafi þetta verið til þess fallið að valda þeim skaða sem síðar varð á heilsu barnsins. Hafi læknunum borið að bakka leggnum í beina stöðu eða leggja æðalegg í útlum að öðrum kosti.

## 2. MÁLSMEÐFERÐ HJÁ LANDLÆKNI - TVÖ SÉRFRÆÐIÁLIT

Í júlíðmánuði 1998 kvörtuðu foreldrarnir til landlæknis og óskuðu eftir álti hans á því „hvort ekki hafi eitthvað meira en óheppni orðið þess valdandi hve alvarlegum veikindum Sara Lind lenti í stuttu eftir fæðingu“. Beindust sjónir þeirra í bréfinu sérstaklega að æðaleggnum sem hugsanlegum orsakavaldi skaðans. Foreldrarnir fengu svar frá landlækní í október 1999. Í svarinu var tekið upp orðrétt álit sem embættið hefði aflað vegna málssins frá íslenskum sérfræðingi í barnalækningum sem starfaði erlendis. Kom meðal annars fram í svarinu að á vinnustað læknisins væri það regla að bakka æðalegg sem legðist með þessum óeðlilega hætti þar til hann lægi rétt. Af álitinu mátti draga þá ályktun að súrefnisskortur fyrir fæðingu ña með blóðstorku sem fylgivilla væri meginástæða veikinda barnsins. Lega æðaleggingsins flækti þó málid. Ekki væru fyrir hendi upplýsingar sem staðfestu að leggurinn hefði orsakað storkuna. Matsatriði væri hvort fjarlægja hefði átt legginn. Ákvörðun læknanna um að gera það ekki hefði verið tekin með farsæld

sjúklingsins í huga. Með hliðsþjón af þessu álti varð það niðurstaða embættis landlæknis að ekki hafi verið staðið ótihlýðilega að meðhöndlun barnsins.

Eftir að foreldrarnir fengu þetta svar barst þeim til eyrna að landlæknir hefði verið búinn að afla annars áltis áður sem ekki var nefnt í svarbréfi embættisins. Óskaði ég í janúar 2000 eftir að fá þetta álit sent. Var orðið við því. Í ljós kom að fyrst hafði verið aflað áltis frá öðrum íslenskum sérfræðingi sem einnig starfaði erlendis. Hann hafði talið að fjarlægja hefði átt æðalegginn strax og ljóst varð að hann hefði tekið U-beygju í æðinni. Embætti landlæknis hafði sent þetta álit til umsagnar yfirlæknis barnadeildarinnar þar sem hin ætluðu mistök höfðu verið gerð. Hafði hann skilað umsögn þar sem farið var ófögrum orðum um áltið. Taldi hann vafasamt að um sérfræðiálit væri að ræða og hafði reyndar uppi staðhæfingar um efni áltisgerðarinnar sem varla fengu staðist, án þess að þörf sé að fara yfir það hér. Landlæknisembættið hafði brugðist við þessu með því að afla annars áltis sem það byggði umsögn sína á án þess einu sinni að nefna þetta fyrra álit. Tekið skal fram að héraðsdómur í málunum komst að þeirri niðurstöðu með rökstuddum hætti að fyrri áltisgjafinn teldist sérfræðingur á því svíði sem málid varðaði.

## 3. UMFANGSMIKIL MÁLSMEÐFERÐ FYRIR HÉRAÐSDÓMI

Héraðsdómur varvið meðferð málssins skipaður tveimur sérfróðum meðdómendum, auk embættisdomara, eins og jafnan er gert í málum af þessu tagi. Annar læknirinn var sérfræðingur í barnalækningum en hinn í kvensjúkdómum og fæðingum. Málsmeðferðin fyrir héraðsdómi var umfangsmikil. Yfirheyrið voru allir starfsmenn spítalans sem við sögu höfðu komið, sem og sérfræðingarnir sem gefið höfðu álit. Forsendor dómssins voru óvenjulega ítarlegar. Niðurstaða dómssins varð sú að ekki hefðu verið gerð mistök á fæðingarstofunni. Hins vegar hefði starfsmönnum spítalans orðið á mistök þegar þeir ákváðu að láta æðalegginn liggja í óbreytri stöðu í stað þess að freista þess að rétta úr honum eða draga hann út og leggja nýjan legg í slagæð í útlum. Leiddi þetta til þess að spítalinn var talinn skaðabótaskyldur.

## 4. TVÖ STARFSMANNABRÉF

Íslenska ríkið vildi ekki una þessum dómi og áfrýjaði honum til hæstaréttar. Við áfrýjunina lagði ríkislögmaður fram tvö bréf sem nafngreindir læknar sem störfuðu á Landspítalanum höfðu sent til lækningaforstjóra spítalans. Höfðu bréfin að geyma

umsögn um héraðsdóminn þar sem niðurstöður hans voru gagnrýndar. Það er afar óvenjulegt, svo ekki sé meira sagt, að málsaðili aflí umsagna starfsmanna sinna um niðurstöður héraðsdómstóla og leggi slíkar umsagnir fram í hæstarétti til stuðnings við áfrýjun. Ekki er að finna í lögum heimild til þess að leggja fram svona gögn í dómsmálum. Þeir sem tjá sig um málsatvik þurfa að vera vitni að atvikum. Sérfræðiálita er síðan aflað með matsgerðum, þar sem álitsgefendur eru dómkvaddir og tryggt að þeir hafi hlutlausa stöðu gagnvart málsaðilum. Hvoruðt átti við um þessi bréf læknanna. Var sýnilegt að yfirsjórnum spítalans var mikil niðri fyrir þegar hún ákvað að láta starfsmenn sína skrifa svona bréf. Ég mótmælti strax framlagningu þeirra. Þau mótmæli virtust ekki skipta miklu málí við meðferð málsins í framhaldinu. Tekið skal fram að íslenska ríkið óskaði ekki eftir að málið yrði sent til læknaráðs, svo sem það hefði getað gert. Lá raunar fyrir að óvenjulega var vel séð fyrir upplýsingum um læknisfræðilega hlið málsins í gögnum þess í héraði og málsmeðferðinni þar. Voru málsaðilar nánari sammála um að dæma bæri málið í hæstarétti á grundvelli þeirra gagna sem fyrir lágu.

## 5. HÆSTIRÉTTUR AFLAR GAGNA

Málið hafði verið sett á skrá til málflutnings 24. janúar 2003. 21. janúar 2003 fékk ég upphringingu úr hæstarétti þar sem mér var tilkynnt að málflutningur myndi ekki fara fram þennan dag þar sem hæstiréttur hefði ákveðið að leita umsagnar læknaráðs um sakarefni málsins. Þessi ákvörðun var staðfest með bréfi dagsettu þennan sama dag. Hér er nánari skýringa þörf. Læknaráð starfar eftir lögum nr. 14/1942. Í því eiga sæti, samkvæmt lögnum, landlæknir og átta aðrir læknar sem gegna tilteknunum stöðum við Háskóla Íslands eða naftgreindar heilbrigðisstofnanir. Af þessum níu læknum starfa fjórir á Landspítalanum, sem aðild átti að því dómsmáli sem hér er fjallað um. Segir í lögnum að það sé hlutverk læknaráðs að láta dómstólum, ákærvaldi og stjórn heilbrigðismálanna í té sérfræðilegar umsagnir varðandi læknisfræðileg efni. Meðal annars láti læknaráð í té umsagnir um hvers konar læknisvottorð sem lögð séu fyrir dómstólanu, enda sé þeim beint til ráðsins samkvæmt úrskurði dómara.

Svonefnd málsforræðisregla er ein af meginreglum í íslensku einkamálaréttarfari. Í henni felst meðal annars að aðilar dómsmálanna afla sönnunargagna ef þeir fara með forræði á sakarefni, sbr. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Hins vegar er dómara rétt að beina því til aðila að afla gagna um tiltekin atriði máls eftir því sem hann telur

nauðsynlegt, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Aðili, sem ekki verður við ábendingu dómara um gagnaöflun, getur búist við því að hann verði við úrlausn málsins láttinn bera hallann af skorti á sönnun um það atriði sem dómari hefur gefið honum kost að afla gagna um en hann ekki sinnt. Það orkar í sjálfu sér tvímælis að hafa í lögum svona heimild fyrir dómara til að skipta sér af gagnaöflun málsaðila. Engin þörf er á slíkri reglu, auk þess sem svona afskipti dómara eru til þess fallin að raska hlutlausri stöðu hans gagnvart málsaðilum. Þetta er þó ekki til umræðu hér heldur hitt að það brýtur með augljósum hætti gegn málsforræðisreglu íslenskra réttarfarslagsa ef dómstólar taka að afla gagna í einkamálum, án atbeina málsaðila, enda ráða aðilarnir því að hvaða sönnunargögnum þeir vilja byggja málflutning sinn. Þó að svo sé komist að orði í lögum um læknaráð, að ráðið láti dómstólum í té sérfræðilegar umsagnir um læknisfræðileg efni og að beina þurfi læknisvottorðum til ráðsins með úrskurði dómara, eru engin efni til að skýra þessi ákvæði svo að með þeim sé vikið frá meginreglu einkamálalaga um málsforræði málsaðila á sakarefni málanna, þ.m.t. sönnunarfærslunni. Pessar reglur laganna um læknaráð varða einungis formið sem á þarf að vera til að læknaráð láti í té álit og hafa til dæmis þá þýðingu að málsaðilar geta ekki aflað álita frá ráðinu beint og án milligöngu dómstóllanna. Í dómum þar sem dómstólar hafa frumkvæði að því að aflað sé álits læknaráðs er það einatt gert með þeim hætti að lagt sé fyrir aðila að afla álits ráðsins, sjá til dæmis nýlega dóma í H.1996.3212, H.1998.4392 og H. 20/3 2003 í máli nr. 327/2001. Í eldri dómum H.1989.1352 og H.1992.1823 er að finna dæmi um að hæstiréttur kveði svo á að læknaráð skuli láta í té umsagnir án þess að gert sé í því formi að lagt sé fyrir málsaðila að afla þeirra. Í þessum tilvikum kemur ekki fram hver afstaða málsaðilanna hafi verið til þessarar gagnaöflunar. Ekki er nokkur vafí að að aðili máls á rétt að fá að tjá sig um fyrirætlan dómsins, aður en úrskurður er upp kveðinn um álitsumleitan. Ef til dæmis báðir málsaðilar væru andvígir því að leita slíks álits yrði dómstóllinn að taka mál til dóms í þeim búningi sem það væri án öflunar þess. Má með sanni segja að með ákvörðun sinni hafi hæstiréttur tekið upp eins konar rannsóknarréttarfari í málinu, þ.e.a.s. tekið að sér að afla sjálfur sönnunargagna. Það réttarfari gilti lengi vel í opinberum málum á Íslandi en hefur verið aflagt. Eru slíkir hættir við rekstur dómsmálanna ekki taldir nú á dögum uppfylla kröfur um hlutleysi dómstóla. Í einkamálum geta þeir ekki talist hafa nokkra lagastoð.

## 6. MÓTMÆLI AÐ ENGU HÖFÐ

Ákvörðun hæstaréttar, án nokkurs atbeina málsaðilanna um að afla álit læknaráðs, var samkvæmt framansögðu ólögmæt. Raunar lá malið þannig fyrir að engin þörf var á þessari gagnaöflun. Ítarleg sérfraðiálit lágur fyrir í málinu og í héraðsdómi höfðu setið sérfræðingar sem meðdómendur. Í dómasafni hæstaréttar er að finna allmarga dóma þar sem tekist hefur verið á um læknisfræðileg álitamál án þess að ástæða hafi verið talin til að leggja þau fyrir læknaráð. Eini tilgangurinn sem gat verið fyrir því að hafa hér frumkvædi að því að afla frekari læknisfræðilegra álita, var að freista þess að hneckja niðurstöðu hinna sérfróðu meðdómenda í héraði um að lækñishjálpin við barnið hefði ekki verið forsvaranleg og þess vegna bæri sjúkrahúsíð bótaábyrgð. Hæstiréttur var því með augljósum hætti að taka þátt í málflutningi áfrýjandans, þ.e. íslenska ríkisins um þetta.

Mótmæli mín fyrir hönd stefndu við þessu voru að engu höfð. Kveðinn var upp formlegur úrskurður um malið 12. febrúar 2003. Segir í honum að rétt þyki, áður en malið verði flutt fyrir hæstarétti, að læknaráð láti í té rökstund álit á tilgreindum 18 spurningum um sakarefní málsins. Til rökstuðnings var meðal annars vísað til bréfanna tveggja sem Landspítalinn hafði lagt fram í málinu, án þess að nefna einu orði andmæli míni við framlagningu þeirra, hvað þá að gerð væri grein fyrir forsendum þess að slík bréf væru notuð til að taka ákváðanir í dómsmálum. Það var síðan í framhaldinu hæstiréttur en ekki málsaðilarnir sem annaðist öll samskipti við læknaráð í tengslum við álitsgjöf ráðsins. Rétturinn hafði hreinlega tekið að sér, án nokkurrar aðildar málsaðilanna, að rannsaka sakarefní málsins. Þessi framkvæmd braut augljóslega grundvallarreglur sem gilda um rekstur einkamála fyrir dómstólum.

## 7. KRAFA UM AÐ STARFSMENN VIKJU SÆTUM

Strax í fyrsta bréfi mínu til hæstaréttar um þetta, 24. janúar 2003, gerði ég fyrir hönd umbjóðanda míns kröfu um að allir starfsmenn áfrýjandans sem sæti ættu í læknaráði vikju sætum við meðferð málsins, þ.e. ef rétturinn héldi fast við ákvörðun sína um að senda malið þangað. Í bréfi hæstaréttar til læknaráðs 13. febrúar 2003, þegar ráðinu var send ákvörðun réttarins um að afla umsagnar þess, var sérstaklega vakin athygli á þessari kröfum. Svar barst frá landlækninum 6. mars 2003. Í því var sagt að ekki væri um það deilt að landlæknir væri vanhæruf í málinu vegna fyrri afskipta hans. Aðrir læknaráðsmenn hefðu ekki komið að

málinu, enginn þeirra starfaði á barnadeildinni né hafi nokkur þeirra komið að sjúkdómsgangi hennar, eins og komist var að orði. Hins vegar væri rétt að fjórir af níu læknaráðsmönnum störfuðu á Landspítalanum. Það hefði fram að þessu ekki verið talið valda vanhæfi þeirra í málinum sem tengdust Landspítalanum. Í lok bréfsins sagði svo: „Landlæknir hefur ekki breytt skoðun sinni á því og telur því að læknaráð, eins og það er nú skipað, sé hæft til að fylla um mál Söru Lindar, að landlækn kni frátoldum.“ Í bréfi sem ég sendi hæstarétti í tilefni af þessu var þessum sjónarmiðum landlæknis mótmælt með vísan til almennra reglna um vanhæfi en að auki bent að yfirstjórn spítalans hefði tekið beinan þátt í rekstri málsins með álitsumleitunum og málflutningi og notið til þess fulltingis starfsmanna sinna á sjúkrahúsínu eftir því sem henni hefði þóknast.

## 8. UMSÖGN LÆKNARÁÐS

Læknaráð skilaði umsögn sinni 21. nóvember 2003. Í henni var fallist að viðbrögð á fæðingarstofunni, að því er varðaði túlkun hjartsláttarrits og tilkvaðningu sérfræðings, hefðu ekki verið eðlileg. Væri ljóst að dræmt hefði verið brugðist við afbrigðilegu fósturhjartsláttarriti samkvæmt verklagsreglu sem um þetta gilti á fæðingardeildinni. Aftur á móti var í umsögn ráðsins talið að ekkert hefði verið athugavert við meðferð barnsins á barnadeildinni eftir að það fæddist. Lega leggsins hafi ekki verið til þess fallin að auka hættu á blóðstorknun og mistök hefðu ekki átt sér stað varðandi legu umrædds æðaleggs. Komst ráðið þannig að annari niðurstöðu en héraðsdómurinn um þau atriði sem höfðu verið talin valda skaðabotaskyldu hjá sjúkrahúsínu.

## 9. MÁLSMEÐFERÐ HJÁ LÆKNARÁÐI

Áður en malið var flutt fyrir hæstarétti óskaði ég nákvæmra upplýsinga um meðferð málsins hjá læknaráðinu. Félk ég þær fyrir milligöngu réttarins. Í ljós kom eftirfarandi:

1. Málið hafði farið beint frá skrifstofu landlæknis til svonefndrar réttarmáladeildar læknaráðs án þess að hafa fyrst verið tekið fyrir í fullskipuðu læknaráði. Mun sá háttur tilkast hjá ráðinu. Í réttarmáladeildinni eiga sæti þrír þeirra níu lækna sem skipa læknaráð. Þessir þrír læknar voru allir starfsmenn Landspítalans.
2. Á fyrsta fundi réttarmáladeildar um malið 16. maí 2003 var bókað að það væri samdóma álit deildarmanna að hlíta ákvörðun hæstaréttar um að taka malið til umfjöllunar og að þeir væru til þess

bærir, eins og komist var að orði. Þá var vísað til bréfs landlæknis og kæmi þar fram að landlæknir hefði tekið afstöðu til kröfu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. og svarað í bréfi dags. 6. mars 2003.

3. Á þessum sama fundi var bókað að í fyrirliggjandi gögnum væri ítarleg umfjöllun sérfróðra manna um æðalegginn og þau vandamál sem tengdust honum. Hins vegar væri fæðingunni sjálfri og vandamálum sem tengdust henni ekki gerð sambærileg skil og vantaði þar sérfræðílit. Væri þess vegna samþykkt að leita til nafngreindrs sérfræðings í kvensjúkdóum og fæðingarhjálp.

4. Á fundi deildarinnar 23. september 2003 var samþykkt að einn hinna fastskipuðu læknaráðsmanna, sérfræðingur í handlæknisfræði, skyldi ganga frá svörum þess hluta sem varðaði sjúkrasögu barnsins eftir fæðingu en hinn tilkvaddi fæðingarlæknir myndi gefa álit á meðgöngu og fæðingu barnsins. Var bókað að álitsgerðir þessara tveggja manna yrðu sendar landlæknii og sameiginlega verða síðan framsendar til hæstaréttar.

5. Á fundi læknaráðs 18. nóvember 2003 var svo svar þessara lækna samþykkt samhljóða án breytinga, og forseta læknaráðs falið að ganga frá áliti þess.

Þess er nú að geta að í 4. gr. laga um læknaráð er svofellt ákvæði: „Rett er að læknaráð leiti jafnan álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna er ráðið skipa.“ Af framangreindri lýsingu er ljóst að þetta var ekki gert um þá hlið málsins sem sneri að barnalækningum en það var einmitt á því sviði sem mistök voru talin hafa verið gerð í heraðsdóminum.

Í stjórnsýslulögum nr. 37/1993 er í 4. mgr. 5. gr. að finna ákvæði um málsmeðferð þegar ákveða þarf hvort nefndarmönnum í stjórnsýslunefndum beri að víkja sæti vegna vanhæfis. Ákvæðið hljóðar svo: „Stjórnsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Þeir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það...“. Við meðferð kröfunnar um vanhæfi þeirra læknaráðsmanna sem störfuðu hjá Landspítalanum var ekki farið eftir þessu ákvæði. Raunar fjölluðu eingöngu um kröfuna landlæknir, sem var vanhæfur vegna fyrri afskipta, og svo þrír af þeim fjórum læknaráðsmönnum sem störfuðu hjá spítalanum. Hinir fimm, sem ekki störfuðu þar, og áttu því samkvæmt lögumum að afgreiða kröfuna, komu ekkert við sögu. Þessi málsmeðferð braut augljóslega gegn lögumum.

## 10. ATHUGASEMDIR VIÐ MÁLSMEÐFERÐINA

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti 27. febrúar 2004 var farið nákvæmlega yfir allt sem að framan er greint. Var þess krafist að litioð yrði með öllu fram hjá þeim gögnum sem bæst höfðu við og haldin voru þeim margháttuðu réttarfarslegu annmörkum sem að framan greinir. Þau andmæli komu fyrir litioð. Til gagnanna var vísað í forsendum dómsins. Til álits læknaráðs var beinlínis vísað til stuðnings þeirri niðurstöðu að hnekka þæri sérfræðilegri úrlausn heraðsdómsins um að mistök hefðu verið gerð við læknisaðstoð við barnið. Hins vegar var lítt eða ekki í forsendum dómsins gerð grein fyrir efni athugasemda minna f.h. stefndu við málsmeðferðina og þeim því ekki svarað nema að afar óverulegu leyti.

Í samanteknu máli virðist mega gera eftirtaldar athugasemdir við málsmeðferðina í hæstarétti:

1. Brotið var gegn málsforræðisreglunni þegar rétturinn tók sjálfur ákvörðun, án nokkurs atbeina málsaðilanna um að afla sönnunargagna í málunum.
2. Brotið var gegn almennri reglu réttarfarslagra þegar slik ákvörðun var tekin án þess að leyfa aðilum fyrst að tjá sig um hana.
3. Ekki verður betur séð en ákvörðun réttarins hafi helgast af því sjónarmiði að hnekka þyrfti sérfræðilegri niðurstöðu heraðsdómsins um mistök við læknispjónustu þá sem um var fjallað í málunum. Að minnsta kosti má finna allmarga dóma um bótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana, þar sem sérfræðigögn hafa verið miklu veigaminni en í þessu máli, án þess að dólmstólar hafi talið þörf að leita álits læknaráðs. Hér virðist hæstiréttur því beinlínis hafa gengið til liðs við íslenska ríkið við málfærslu þess fyrir hönd sjúkrahússins.
4. Það fær ekki staðist meginreglur um hlutlausá málsmeðferð fyrir dómi að byggja dóum á áliti starfsmanna annars málsaðilans, svo sem hér var gert. Hæstiréttur taldi þetta í lagi þar sem þessir lækna hafi starfað á öðrum deildum spítalans -en þeim þar sem meint mistök áttu sér stað. Þetta fær ekki staðist. Þessir starfsmenn eiga eins og aðrir starfshagi sína undir yfirmönnum sínum. Stendur raunar svo sérstaklega á um Landspítalann nú um stundir að starfsstaða einstakra lækna við spítalann hefur verið ótrygg að undanförnu vegna breytinga á rekstri sem staðið hafa yfir. Gagnaðili spítalans í dómsmálinu

bærir, eins og komist var að orði. Þá var vísað til bréfs landlæknis og kæmi þar fram að landlæknir hefði tekið afstöðu til kröfu Jóns Steinars Gunnlaugssonar hrl. og svarað í bréfi dags. 6. mars 2003.

3. Á þessum sama fundi var bókað að í fyrirliggjandi gögnum væri ítarleg umfjöllun sérfróðra manna um æðalegginn og þau vandamál sem tengdust honum. Hins vegar væri fæðingunni sjálfri og vandamánum sem tengdust henni ekki gerð sambærileg skil og vantaði þar sérfræðiálit. Væri þess vegna samþykkt að leita til nafngreindrs sérfræðings í kvensjúkdóum og fæðingarhjálp.

4. Á fundi deildarinnar 23. september 2003 var samþykkt að einn hinna fastskipuðu læknaráðsmanna, sérfræðingur í handlæknisfræði, skyldi ganga frá svörum þess hluta sem varðaði sjúkrað og barnsins eftir fæðingu en hinn tilkvaddi fæðingarlæknir myndi gefa álit á meðgöngu og fæðingu barnsins. Var bókað að álitsgerðir þessara tveggja manna yrðu sendar landlækní og sameiginlega verða síðan framsendar til hæstaréttar.

5. Á fundi læknaráðs 18. nóvember 2003 var svo svar þessara lækna samþykkt samhljóða án breytinga, og forseta læknaráðs falið að ganga frá áliti þess.

Pess er nú að geta að í 4. gr. laga um læknaráð er svofellt ákvæði: „Rétt er að læknaráð leiti jafnan álits sérfróðra manna utan ráðsins um mál sem eru utan við sérfræðisvið þeirra manna er ráðið skipa.“ Af framangreindri lýsingu er ljóst að þetta var ekki gert um þá hlið málsins sem sneri að barnalæknungum en það var einmitt á því sviði sem mistök voru talin hafa verið gerð í heraðsdóminum.

Í stjórnsýslulögum nr. 37/1993 er í 4. mgr. 5. gr. að finna ákvæði um málsmeðferð þegar ákveða þarf hvort nefndarmönnum í stjórnsýslunefndum beri að víkja sæti vegna vanhæfis. Ákvæðið hljóðar svo: „Stjórnsýslunefnd ákveður hvort nefndarmönnum, einum eða fleiri, beri að víkja sæti. Peir nefndarmenn, sem ákvörðun um vanhæfi snýr að, skulu ekki taka þátt í ákvörðun um það...“. Við meðferð kröfunnar um vanhæfi þeirra læknaráðsmanna sem störfuðu hjá Landspítalanum var ekki farið eftir þessu ákvæði. Raunar fjölluðu eingöngu um kröfuna landlæknir, sem var vanhæfur vegna fyrrí afskipta, og svo þrír af þeim fjórum læknaráðsmönnum sem störfuðu hjá spítalanum. Hinir fimm, sem ekki störfuðu þar, og áttu því samkvæmt lögunum að afgreiða kröfuna, komu ekkert við sögu. Þessi málsmeðferð braut augljóslega gegn lögunum.

## 10. ATHUGASEMDIR VIÐ MÁLSMEÐFERÐINA

Við munnlegan flutning málsins í Hæstarétti 27. febrúar 2004 var farið nákvæmlega yfir allt sem að framan er greint. Var þess krafist að lítið yrði með öllu fram hjá þeim gögnum sem bæst höfðu við og haldir voru þeim margháttuðu réttarfarslegu annmörkum sem að framan greinir. Þau andmæli komu fyrir lítið. Til gagnanna var vísað í forsendum dómsins. Til álits læknaráðs var beinlínis vísað til stuðnings þeirri niðurstöðu að hnekkja bæri sérfræðilegri úrlausn heraðsdómsins um að mistök hefðu verið gerð við læknisaðstoð við barnið. Hins vegar var lítt eða ekki í forsendum dómsins gerð grein fyrir efni athugasemda minna f.h. stefndu við málsmeðferðina og þeim því ekki svarað nema að afar óverulegu leyti.

Í samanteknu máli virðist mega gera eftirtaldar athugasemdir við málsmeðferðina í hæstarétti:

1. Brotið var gegn málsforræðisreglunni þegar rétturinn tók sjálfur ákvörðun, án nokkurs atbecna málsaðilanna um að afla sönnunargagna í málinu.
2. Brotið var gegn almennri reglu réttarfarslagsa þegar slík ákvörðun var tekin án þess að leyfa aðilum fyrst að tjá sig um hana.
3. Ekki verður betur séð en ákvörðun réttarins hafi helgast af því sjónarmiði að hnekkja þyrfti sérfræðilegri niðurstöðu heraðsdómsins um mistök við læknispjónustu þá sem um var fjallað í málinu. Að minnsta kosti má finna allmarga dóma um bótaábyrgð lækna og sjúkrastofnana, þar sem sérfræðigögn hafa verið miklu veigaminni en í þessu máli, án þess að dólmstólar hafi talið þörf að leita álits læknaráðs. Hér virðist hæstiréttur því beinlínis hafa gengið til liðs við íslenska ríkið við málfærslu þess fyrir hönd sjúkrahússins.
4. Það fær ekki staðist meginreglur um hlutlausa málsmeðferð fyrir dómi að byggja dóm á áliti starfsmanna annars málsaðilans, svo sem hér var gert. Hæstiréttur taldi þetta í lagi þar sem þessir lækna hafi starfað á öðrum deildum spítalanum en þeim þar sem meint mistök áttu sér stað. Þetta fær ekki staðist. Þessir starfsmenn eiga eins og aðrir starfshagi sína undir yfirmönnum sínum. Stendur raunar svo sérstaklega á um Landspítalann nú um stundir að starfsstaða einstakra lækna við spítalanum hefur verið ótrygg að undanförnu vegna breytinga á rekstri sem staðið hafa yfir. Gagnaðili spítalanus í dómsmálinu

getur ekki þurft að sæta því að niðurstaða þess sé að einhverju leyti látin ráðast af álitsgjöf starfsmanna hans. Má benda á það, sem öllum er væntanlega ljóst, að læknar með þessa stöðu gætu aldrei talist hæfir til að gegna störfum sem dómkvaddir matsmenn eða meðdómendur í dómsmálum þar sem vinnuveitandi þeirra á aðild. Þeir geta ekki frekar gefið álit þó að það sé byggt á lögbundinni stöðu þeirra sem læknaráðsmenn.

**5.** Í forsendum dómsins, þar sem hafnað er sjónarmiðum um vanhæfi starfsmanna Landspítalans við álitsgjöf í málinu er að finna eftifarandi orðalag: „Hefur ekki verið sýnt fram á ...að ómálefnaleg sjónarmið hafi haft áhrif á úrlausn ráðsins...“. Það er afar skrítioð, svo ekki sé meira sagt, að telja það skipta máli um vanhæfið að ekki hafi verið sýnt fram á að afgreiðsla þessara starfsmanna málsaðilans hafi verið ómálefnaleg. Það brýtur gegn öllum þekktum sjónarmiðum um vanhæfi að leggja sönnunarþyroi á þann sem heldur fram vanhæfi um að vanhæfið hafi haft efnislega þýðingu við afgreiðslu máls.

**6.** Það er beinlínis andstætt lögum um læknaráð að afgreiða umsögn um sérfræðileg efni án þess að kallaður sé til sérfræðingur á því svíði sem mál varðar. Það er síðan afar sérkennilegt að nota slíkt álit til að hnækka niðurstöðu sérfróðra manna með hlutlausum stöðu sem um málefnið hafa fjallað við rekstur málsins og komist þar að niðurstöðu um það, þ.m.t. sérfróðs meðdómanda í héraði.

**7.** Það brýtur gegn réttarfarslögum að leyfa, þrátt fyrir andmæli gagnaðila, framlagningu álitsgerða starfsmanna annars málsaðilans um sakarefni máls. Peir sem vilja afla sérfræðiáálita í dómsmálum verða að sætta sig við að óska eftir dómkvæðingu matsmanna þar sem hlutlausir menn eru kvaddir til og tryggt að gagnaðili fái að gæta hagsmunu sinna við álitsgjöf. Það hlýtur að vera enn athugaverðara að leyfa framlagningu svona starfsmannaáálita í hæstarétti þegar í álitsgerð felst gagnrýni á héraðsdóm. Það nær svo ekki nokkurri átt að vísa til súlra gagna við afgreiðslu máls, jafnvel þó að tekið sé fram með óljósum hætti að litið sé til stöðu álitsgefenda við mat á þeim.

## 11. LAGABREYTINGA ER ÞÖRF

Hér verður ekki leitast við að skýra neitt ástæður fyrir þeiri undarlegu málsmeðferð sem mál þetta hlaut fyrir hæstarétti og lýst hefur verið. Ég lét aðeins í ljósi það álit að brýnt sé að fella úr lögum ákvæðinum um álitsumleitan til læknaráðs í dómsmálum. Úr læknisfræðilegum álitamálum sem ber á góma í

dómsmálunum er best að leysa með þeim aðferðum sem almennt gilda við úrlausnir sérfræðilegra atriða, með matsgerðum og sérfróðum meðdómendum. Síðan tel ég að einnig sé tímabært að fella alveg úr einkamálalögum ákvæði um heimild dómtóls til að skipta sér af gagnaðflun málsaðilanna. Engin þörf er á að dómtólar hafi heimildir til að óhreinka á sér hendurnar gagnvart málsaðilum með slíkum afskiptum.

Í þeim athugasemnum sem hér hafa verið gerðar er aðeins fjallað um starfsaðferðir við rekstur málsins og brot á rétti málsaðila við málsmeðferðina. Ekki er fjallað um grundvöll skaðabótaábyrgðarinnar og efnislega afgreiðslu á sjónarmiðum sem að honum lúta.